



Alþingi
Erindi nr. P 127/91
komudagur 12.11.2001

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Akureyri, 9. nóvember 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu og almannatryggingar, 169. mál, forgangs-röð verkefna o.fl.

Iðjubjálfafélag Íslands tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu þess efnis að markviss stefnumótun í heilbrigðismálum hafi átt erfitt uppdráttar vegna þess hversu dreifð og ósamhæfð stjórnun málaflokksins hefur verið.

Breytingar þær sem í frumvarpinu felast og ætlað er að styrkja stöðu heilbrigðisyfirvalda til að forgangsraða verkefnum verða að teljast eðlilegt framhald af metnaðarfullri stefnumótun heilbrigðisyfirvalda í lýðheilsuáætlunum sem endurspeglast í „Heilbrigðisáætlun til ársins 2010“. Vonandi verða breytingarnar til þess að framtíðarhagsmunir heildarinnar verði oftast látnir ráða en skammtímahagsmunir þegar heilbrigðisyfirvöld þurfa að ákveða hvernig þau kjósa að ráðstafa fjármunum eða af hverjum þau kjósa að kaupa þjónustu hvort sem um er að ræða meðferð eða forvarnir.

Eins og kemur svo glögglega fram í heilbrigðisáætlun er heilsa fólks ekki eingöngu á ábyrgð heilbrigðiskerfisins heldur má segja að hún sé í raun rökrétt afleiðing ákvarðana sem teknar eru alls staðar í stjórnkerfinu og alls staðar í þjóðfélaginu. Þetta er vert að hafa í huga þegar lagt er upp með háleit markmið um forvarnir og heilsuvernd t.d. í málefnum barna og ungmenna, eldri borgara, og hvað varðar geðheilbrigði og slysavarnir.

Í heilbrigðisáætlun er að finna markmið um að jafnræðis og réttlætis skuli gæta í skipulagningu og starfsemi heilbrigðisþjónustunnar. Einnig að fólki beri að fá þjónustu við hæfi á þeim stað eða stigi innan kerfisins sem fólki hentar best. Undanfarna áratugi hefur Iðjubjálfafélag Íslands margoft bent á, bæði í ræðu og riti, að það fyrirkomulag sem hér er, og hefur verið, á þjónustu iðjubjálfa færir hvorki einstaklingum sem þurfa þjónustu iðjubjálfa eða heilbrigðiskerfinu sem greiðir fyrir hana hámarksgæði og hámarkshagkvæmni. Með samræmingu þeirri sem frumvarpið á að gera mögulega skapast tækifæri til að leiðrétta óréttlæti og mismunun sem hingað til hefur liðist þar sem t.d. fólk sem þarf þjónustu iðjubjálfa eða sálfræðinga verður að leggjast inn á spítala til að fá þjónustu sem greidd er af heilbrigðiskerfinu en fólk sem þarf þjónustu sjúkraþjálfara eða geðlækna getur pantað sér tíma á stofu vegna þess að Tryggingastofnun ríkisins hefur valið úr ákveðnar stéttir til samninga. Ákvarðanir um það við hverja er samið hafa hingað til ekki borið það með sér að stefnt skyldi að markmiðinu um jafnræði til heilbrigðis. Iðjubjálfafélag Íslands styður allar aðgerðir sem fært gætu okkur nær því marki.

Virðingarfyllst,
f.h. Iðjubjálfafélags Íslands
Kristín Sigursveinsdóttir
Kristín Sigursveinsdóttir, formaður